

89 **Bréf stjórnarráðsins til biskups um leyfi til að nota Helgisiðabók íslenzku**
 22. júlí **Þjóðkirkjunnar.**

Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 22.f. m. allramildilegast þóknast að veita samþykki sitt til þess, að bók þá, sem út komin er á þessu ári að tilhlutun yðar, háæruverðugi herra, undir nafninu »Helgisiðabók íslenzku Þjóðkirkjunnar«, megi taka til notkunar við guðsþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og ráðstöfunar.

90 **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um endurgjald á**
 25. júlí **veittum sveitarstyrk.**

Sumarið 1901 var Aðalbjörg nokkur Magnúsdóttir flutt fátækraflutningi úr Reyðarfjarðarhreppi hinum forna til Beruneshrepps, sem þá hafði viðurkent sveitfesti hennar. Hafði hún áður þegið sveitarstyrk í Reyðarfjarðarhreppi, að upphæð 42 kr. 75 a. Eftir að flutningurinn hafði farið fram fekk hreppsnefnd Beruneshrepps grun um, að hún mundi samt eigi vera þar sveitlæg, heldur hafa unnið sér sveit í Reyðarfjarðarhreppi hinum forna, en þó sést eigi, að neitt hafi verið gert til að fá vissu um þetta fyr en hreppstjóri Beruneshrepps tók skýrslu af henni 29. ágúst 1903 og beiddist aðstoðar yðar, herra sýslumaður, til þess að rannsókninni yrði haldið áfram. Þetta leiddi svo til mjög langvinnns máls um sveitfestina, er lyktaði með úrskurði yðar, dags. 9. nóv. 1907, á þann veg, að hún skildi sveitlæg teljast í Reyðarfjarðarhreppi hinum forna. Eftir að úrskurður þessi var fallinn, krafðist Beruneshreppur endurgjalds á styrk þeim, sem Aðalbjörgu hafði verið veittur þar, en sá styrkur nam 520 kr. 27 au. að meðtöldum 195 kr. 82 au. styrk, sem syni hennar hafði verið veittur fardagaárið 1904—1905. Með því að Reyðarfjarðarhreppur hinn forni taldi sér eigi skylt að endurgjalda þessa upphæð, að því er son hennar snerti af því, að hann væri eigi sveitfastur þar, en að því er hana sjálfa snerti af því, að það væri eigin sök Beruneshrepps, að hún hefði verið flutt þangað, og krafan auk þess of seint fram komin, leiddi þetta til nýs úrskurðar af yðar hendi, dagsetts 21 jan. þ. á., með þeim úrslitum, að hvorugur hinna nefndu hreppa skyldi eiga kröfu til hins, en Reyðarfjarðarhreppur hinn forni hafði í máli þessu krafist endurgjalds á styrk þeim, 42 kr. 75 au., sem nefndri stúlku hafði verið veittur þar, áður en hún hafði verið flutt í Beruneshrepp, eins og áður segir. Hinum síðarnefnda úrskurði hefir hreppsnefnd Beruneshrepps áfrýjað til stjórnarráðsins með erindi, dagsettu 5. mars þ. á., sem fylgdi bréfi yðar, dags. 18. maí s. á., ásamt öðrum skjölum málsins, og krafist þess, að sér verði úrskurðað endurgjald á öllum hinum veitta styrk. Sveitfestisúrskurðinum hefir aftur á móti eigi verið áfrýjað, og telst umrædd stúlka því sveitlæg í Reyðarfjarðarhreppi hinum forna.

Með því að eigi hafa verið færðar nægar ástæður af hálfu Beruneshrepps fyrir drætti þeim, sem varð á að ganga úr skugga um, hvar nefnd Aðalbjörg Magnúsdóttir væri sveitlæg, getur endurgjaldskrafa hans á kostnaði þeim, sem á var fallinn áður en rannsókn var hafin um sveitfestina, eigi orðið tekin til greina. Hinsvegar þykir hreppurinn eiga kröfu til framfærslusveitar fyrir þeim hluta kostnaðarins, 85 kr., sem á féll eftir 29. ág. 1903, er rannsókn var hafin, með því að það getur eigi talist skylda hreppsnefnda, að gera ákveðna kröfu meðan óvíst er um sveitfestina, en krafan var gerð nægilega fljótt eftir að sveitfestisúrskurðurinn var fallinn. Auk þess var Reyðarfjarðarhreppi hinum forna kunnugt um, að Aðalbjörg var á sveitarframfæri og rannsókn um sveitfestina verður að teljast nægileg aðvörðun um endurgjaldskröfu síðar, ef til kæmi. Eftir því til efni, sem skjöl málsins gefa, skal það tekið fram, að það útaf fyrir sig getur eigi sviift Beruneshrepp rétti til endurgjalds, að hann hafði áður viðurkennt sveitfestina, því að sú viðurkenning verður að teljast því skilyrði bundin, að svo væri í raun og veru. Það er heldur eigi sannað í málinu, að framfærslusveitin hafi haft skaða af flutningnum, þvert á móti virðist hún hafa haft hag af honum, þar sem ekkert bendir á, að þurfalingurinn hefði komist af með minni hjálp í framfærslusveitinni en í Beruneshreppi. Það sannar ekkert í þessu efni þótt stúlka þessi hafi hin síðustu ár komist af styrklaust í framfærslusveitinni, því að af reikningi Beruneshrepps sést, að meðgjöfin með henni hefir farið minkandi ár frá ári og heilsa hennar því virðist hafa hlotið að fara batnandi. Styrkurinn til sonar Aðalbjargar er framfærslusveit hennar óviðkomandi, þar sem hann er sveitlægur í Beruneshreppi.

Reyðarfjarðarhreppur hinn forni getur eigi fengið endurgjald frá Beruneshreppi á styrk þeim, er hann veitti Aðalbjörgu árið 1901, þegar af því, að hinn fyrgreindi hreppur er framfærslusveit hennar.

Því úrskurðast:

Reyðarfjarðarhreppi hinum forna ber að greiða Beruneshreppi 85 kr. af framfærslukostnaði Aðalbjargar Magnúsdóttur, en að öðru leyti verða kröfuv hreppanna eigi teknar til greina.

Þetta er yður hérmeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi hreppsnefndum, og ber yður að sjá um, að Reyðarfjarðarhreppur hinn forni greiði hina úrskurðuðu upphæð án tafar.

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Árnessýslu um sveitarstyrk þurfalings. 91

Árið 1905, í öndverðum ágústmánuði, var María nokkur Bjarnadóttir flutt 4. ágúst geðveik á framfærslusveit sína Selvogshrepp, og var gefið með henni þar þangað til 5. mars 1906, er henni var batnað svo, að hún gat unnið fyrir sér. Vorið 1907 fluttist hún til Hafnarfjarðar með bónda úr Selvogshreppi, er hún var vist-ráðin hjá, fekk sig þaðan lausa og fór það sumar í kaupavinnu vestur í Dala-